



10. stjórnarfundur LH

Haldinn í Laugardal 5. júní 2015 og hófst hann kl 15:00

Fundinn sátu:

Aðalmenn: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Jóna Dís Bragadóttir, Ólafur Þórisson, Eyþór Jón Gíslason, Rúnar Þór Guðbrandsson, Haukur Baldvinsson og Helga B. Helgadóttir úr varastjórn.
Einnig sátu fundinn Jóhanna Gunnarsdóttir og Vera Vilhjálmisdóttir starfsmenn LH.

Fundargerð ritaði: Vera Vilhjálmisdóttir

1. Fundargerð

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Staða á viðræðum við Fák

Lárus fer yfir stöðuna á samningaviðræðunum við Fák um Landsmót 2018. Samningur ekki tilbúinn, en enn er verið að vinna að samningsdrögum og hvernig staðið verður að framkvæmd mótsins.

3. Staðan á Hólum

Lárus og Eyþór fóru á verkefnastjórnunarfund í lok maí. Sveitarfélagið mun sjá um útboð og framkvæmdir á svæðinu og öll leyfi eru komin fyrir efnistöku. Útboðsgögnin eru komin í rétt ferli og útboð fer vonandi fram fljótlega.

4. Staðan á Herning

Rúnar Þór greinir frá stöðunni á Hestatorgi / Horse Plaza á HM. Er góður vettvangur til að koma íslenskri hestamennsku á framfæri og þurfa hestamenn að koma sterkir inn og kynna sig í sameiningu. Sameiginleg umsókn allra aðila sem koma að Hestatorginu send inn til Þróunarsjóðs, en svo þarf að ákveða hvernig eftirstöðvar deilast á þátttakendur í verkefninu. Stærsti kostnaður LH er af Landsmóti, leggja þurfi áherslu á Landsmót 2016 en einnig að kynna Landsmót 2018. Fundarmenn sammála um að þurfa fyrst að sjá grófa kostnaðaráætlun og ákveða í framhaldi af því hvert framlag LH verður.

5. Stórmót áhugamanna í hestaíþróttum

Í framhaldi af því að stjórn LH barst bréf frá áhugamönnum á Suðurlandi um að halda Íslandsmót áhugamanna í hestaíþróttum, þá hafa miklar umræður farið í gang og enn er mikið af lausum endum. Rúnar Þór telur mikilvægt að ákveða hver markmiðin með svona móti eigi að vera. Ólafur greinir frá því að það sé áhugi hjá ákveðnum hóp að halda mót fyrir þá sem eru ekki harðkorna keppnismenn og telur að mótið sjálft eigi rétt á sér þó nafngiftin Íslandsmót sé kannski ekki heppileg.

Bókun: LH fagnar auknum áhuga hestamannafélaga og hestamanna á keppni í áhugamannaflokkum. Við hvetjum hestamenn til áframhaldandi góðra verka, hestamenskunni til hagsbóta. Stjórn LH mun kanna hvort rétt sé að halda Íslandsmót fyrir áhugamenn og hvort það samræmist lögum og reglum LH og ÍSí.



6. Fundargerð dómaranefndar LH

Lárus gerði grein fyrir fundi dómaranefndar LH.

7. Samningur vegna Skógarhóla

Lárus og Ólafur gerðu samning við Svein Atla Gunnarsson og Bergljótu Rist hjá Íslenska hestinum um umsjón með Skógarhólum sumarið 2015. Framhald starfseminnar skuli rædd og ákveðin næsta haust, ræða þá við Íslenska hestinn ásamt öðrum varðandi umsjón á svæðinu.

Bókun: Samningur vegna reksturs Skógarhóla fyrir sumarið 2015 samþykktur, fyrirhugað er að gera langtímasamning um reksturinn næsta haust ásamt því að stofna hollvinasamtök um Skógarhóla.

8. Samningur við BÍ vegna WorldFengs og myndefnis LM

Samningur gerður við BÍ um að þeir varðveiti myndefni Landsmóts og hægt verði að kaupa sér aðgang á WorldFeng að myndefninu. Hægt og rólega verði sett inn efni sem Landsmót á, fyrst byrjað á LM 2014 og því næst eldra efni sett inn. Efnið verði svo einnig tengt við WF skráningu hestanna. Verður vonandi stjórn tekjuliður fyrir Landsmót í framtíðinni.

Bókun: Samþykkt að skrifa undir samning við BÍ um myndefni Landsmóts.

9. Önnur mál

Tímatökubúnaður LM – Ólafur gjaldkeri leggur til að það kosti áfram þrjátíuþúsund að leigja tímatökubúnað LM. Samþykkt einróma.

Næsti fundur stjórnar verði að óbreyttu í ágúst, mál sumarsins afgreidd í tölvupóstum eins og kostur er.

Ekki fleira fært til bókar og fundi slitið kl. 16:40.